

Örnefni í Lá

Örnefni sem Guðrún Jónsdóttir hefur ekki vitað um, þar sem hún var ekki í Neðri-Lá nema eitt ár:

Kvíaklettur- við túnið í Mýrarhúsum.

Hjallasnoppa- það er tangi, sem gengur út í vatnið, en er áfast við túnið.

Nautaskarð- er skarð í svonefndar Borgir, fyrir ofan túnið í Mýrarhúsum.

Borgir- þær eru fyrir ofan Lárkot, en tilheyra Stöðinni. Síðasta Borgin var innsiglingamerki í Lárós, þá átti hornið á Borginni að bera í Hádegishnúk, sem er klettur fyrir ofan Gröf í Grundarfirði, uppi í fjallinu.

Skessusteinn- er stór steinn í fjörunni fyrir sunnan Fornu-Lá. Honum fylgir sú saga, að hann hafi verið sending frá skessu sem bjó í Mýrarhyrnu og varð þar að steini, sem kallaður er **Kerlingin**. Ætlaði hún að henda steininum í bænahús í Fornu-Lág.

Mörgusteinarnar- þeir komu fyrst upp, þegar féll út úr vaðlinum (Nú Lárvatn, eftir að Lárós var stíflaður).

Látur- hann er hólmi í Lárvatni miðju, undan túninu í Látrarvík **Gullhringafloöt** og

Jódísarvöllur- flatir afmarkaðir af þýfi í túninu á Mýrarhúsum, áður en það var sléttað.

Þórðarvöllur- var í túninu á Neðri-Lá, nú slétt flöt.

Hregnesi- er nes sem gengur úr túninu í Neðri-Lá, fram í Lárvatn.

Hellutá- gengur út í ósmynnið (lárós) að austan og þrengdi hann, því að sandurinn að vestan þrengdi á móti (**Seleyri**). Um það bil 80-90 metrum innan við austurlandið er klettur sem skagar fram í fjöru og heitir **Porskhausasteinn**, þar þurrkuðu bændur hausa á vorin, þegar mikið brim var ósnum, var talið að þeir væru úr allri hættu, þegar þeir voru komnir inn að þessum kletti.

Nótlegutangi- tangi sem gengur út í ósinn að austan. Þar munu selanetin hafa verið lögð niður, þegar draga átti fyrir.

Brimlárhöfði- í daglegu tali nefndur **Stöðin**. Norðan við Stöðina upp undir háberginu eru hvammar, sem heita **Dalir**, þar er klettaborg, sem heitir **Tröllakirkja**. Niðri á bökkunum beint til sjávar er svonefndur **Urðargarður**. Það eru landmerki milli Neðri-Lár og Krossness.¹

Pétur Konráðsson skráði.

¹ Neðan við vélritaðan texta Péturs Konráðssonar er handskrifað nafnið „Nórukró“. J.H.